

Ár 2009, þriðjudaginn 13. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

**Erindi herra Ólafs Ragnars Grímssonar,
forseta Íslands**

I.

Hinn 23. desember 2008 framsendi fjármálaráðuneytið kjararáði erindi herra Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, til fjármálaráðherra, dagsett 19. desember 2008. Þar er farið fram á að laun forseta verði lækkuð á sama hátt og laun forsætisráðherra og forseta Alþingis, handhafa forsetavalds. Í bréfinu segir að það bann við skerðingu kjara forseta á kjörtímabili hans sem kveðið sé á um í 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið sett til að vernda forsetann gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldinu. Þetta ákvæði komi hins vegar ekki í veg fyrir að forsetinn óski sjálfur eftir launalækkun þegar þjóðarhagur kalli á lækkun launa fjölmargra annarra ráðamanna og Alþingi setji lög þar um. Við slíkar aðstæður sé bæði sjálfsagt og eðlilegt að hið sama gildi um forsetann.

II.

Hinn 20. desember 2008 var samþykkt á Alþingi breyting á lögum nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. lög nr. 148/2008, sem birt voru 23. desember 2008. Við lögina bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. laga um kjararáð skuli ráðið fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð sem feli í sér 5-15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009 og skuli ráðinu óheimilt að endurskoða þann úrskurð til hækkunar til ársloka 2009. Jafnframt skuli kjararáð endurskoða laun annarra sem undir það heyra til samræmis. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að hugsunin sé að þeir sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega mest að jafnaði. Kjararáð hefur þegar ákveðið að laun alþingismanna lækki um 7,5% og laun ráðherra um 14-15%.

Í 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar segir að ákveða skuli með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. Í athugasemdum með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem varð að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir, að ákvæðið miði að því að hindra að fjárhagslegum þvingunarráðum verði beitt gegn forseta eða Alþingi eftir á reyni með þessum hætti að ná sér niðri á forseta. Með fyrirmælunum sé einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann í upphafi hafði en engan veginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur.

Kjararáð er það stjórnvald sem Alþingi hefur falið að ákveða laun forseta Íslands. Ráðið tók síðast ákvörðun um laun forsetans 27. ágúst 2008 og hækkuðu þau þá um 20.300 krónur á mánuði. Ákvörðunin var afturvirk og tók gildi 1. maí 2008. Nýtt kjörtímabil forsetans hófst 1. ágúst 2008. Laun forsetans eru ákveðin óháð því hver gegnir embættinu hverju sinni. Í stjórnarskrá er ekki gert ráð fyrir neinum undan- tekningum frá fyrrnefndu ákvæði. Ákvæðið er til verndar embættinu sjálfu, en ekki sérstaklega persónulegum högum þess sem gegnir því hverju sinni. Þar sem ákvæðið er

án undantekninga brestur kjararáð vald til þess að lækka laun forseta Íslands frá síðustu ákvörðun ráðsins, þótt hann óski eftir því. Samkvæmt þessu er hafnað framangreindu erindi, sem forseti sendi til fjármálaráðherra og hann áfram til kjararáðs. Í þessari niðurstöðu kjararáðs felst ekki afstaða til þess, hvort sá sem gegnir embættinu geti sjálfur afsalað sér hluta launa sinna, eða þeim öllum, tímabundið eða varanlega með tilkynningu til fjármálaráðherra.

III.

Niðurstaða

Kjararáð hafnar því að lækka laun forseta Íslands.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir